

Réttindagæslumaður býður upp á viðtöl á Kópaskeri, Raufarhöfn og Þórshöfn 11 ágúst.

Hlutverk réttindagæslumanns fatlaðs fólks er m.a. að:

- Styðja fólk með fótun við hvers konar réttindagæslu hvort sem það er vegna þjónustu, einkamála eða einkafjármuna.
- Hver sá sem telur að brotið sé á réttindum fatlaðs fólks getur tilkynnt það réttindagæslumanni.

Sjá nánar um hlutverk réttindagæslumanns fatlaðs fólks í lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk; <http://www.althingi.is/altext/139/s/1806.html>



Tímamantanir á netfangið
gudrun.palmodottir@rett.vel.is
eða í síma 858 1959
Aðsetur á Akureyri:
Skipagötu 14, 4. hæð (Skrifstofa inni hjá Vinnueftirlitinu).



Skegla

Skegla kemur út alla miðvikudaga nema annað sé auglýst.
Auglýsingar berist á netfangið skegla@simnet.is eða í síma 892-8202 fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum.
Skegla kemur næst út miðvikudaginn 17. ágúst 2016.
Gjaldskrá: Hálf síða 2.700,-, heilsíða 3.900,-.
Skeglunni er dreift á hvert heimili allt frá Bakkafirði vestur í Kelduhverfi.

Skegla

Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir

Fréttabréf á Langanesi og nágrenni
31. tbl. 7. árg. Miðvikudagur 10. ágúst 2016



Ferðafélagið Norðurslóð stendur fyrir Sléttugöngunni laugardaginn 13. ágúst 2016. Gengið verður frá Raufarhöfn í Blikalónsdal og norður eftir dalnum út í Blikalón. (Ef veður gefur tilefni til verður byrjað við Blikalón og gengið suður dalinn til Raufarhafnar.)
Fjölbreytt og skemmtileg gönguleið en nokkuð löng, um 27 km ganga. Nauðsynlegt er að vera í góðri göngubjálfun.
Brottför frá Hótel Norðurljósum á Raufarhöfn kl. 9:00. Að göngu lokinni verður fólk sótt á áfangastað og ekið til Raufarhafnar, farið í sund og gufu og eftir það í kvöldverð á Hótel Norðurljósum.
Þátttökugjald er 4.000 fyrir þá sem hafa greitt félagsgjald til Norðurslóðar, en 5.000 fyrir aðra. Innifalið: Leiðsögn, göngukort, akstur, sund, gufa og matur. Þátttökugjald er greitt við upphaf göngu. Enginn posi. Athugið að akstur með hunda er ekki í boði. Þátttakendur eru beðnir að skrá sig í gönguna á netfangið fnordurslod@simnet.is, eða í síma 892-8202, þar sem veittar eru nánari upplýsingar.

Ferðafélagið Norðurslóð



Framkvæmdastjóri HSP

Héraðssamband Þingeyinga óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra. Starfssvæði HSP nær yfir Norður og Suður Þingeyjarssýslur. Um er að ræða 50% starf með áherslu á rekstur og starfsemi sambandsins.

Framkvæmdastjóri er starfsmaður stjórnar HSP og sinnir fjölbreyttum verkefnum fyrir Héraðssambandið. Starfið snýst að verulegu leyti um að leiða starf sambandsins, bæði hvað varðar innra starf sem og samskipti og samstarf við samstarfsaðila HSP. Einnig umsjón og umsýsla með fjárhag sambandsins.

Áhersla er lögð á góða samskiptahæfileika, frumkvæði og innsýn og skilning á inntaki ungmennahreyfingarinnar. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af félagsstörfum og hafi þekkingu á fjármálum og rekstri.

Umsóknarfrestur er til 27. ágúst. Gert er ráð fyrir að viðkomandi geti hafið störf 15. september en er umsemjanlegt. Senda skal umsóknir á netfangið anitakg@gmail.com.

Nánari upplýsingar veitir Anita Karin Guttesen, formaður HSP í síma 698-5161.

Íþróttamiðstöðin á Raufarhöfn

Starfsmaður óskast í afleysingar við íþróttamiðstöðina á Raufarhöfn. Nánari upplýsingar :
kjartan@nordurthing.is eða í síma 464-6100



MATARMARKAÐUR

verður við Fræðasetur um forystufé laugardaginn 20.ágúst kl.14:00-18:00.

Á boðstólum verður meðal annars:

nýuppteknar kartöflur

brauð

kökur

sítrónusmjör

kæfa

ferskur silungur

tómatar

gúrkur

paprikur

gulrætur og margt fleira.

Ef fólk hefur áhuga á að vera með matvæli til sölu þennan dag þá stendur öllum til boða að koma. Við bjóðum upp á borð og aðstöðu úti. Vinsamlegast hafið þá samband tímanlega í síma 852-8899 - 694-8493 eða forystusetur@forystusetur.is

Kaffihúsið okkar veður auðvita opið, sölubúðin og sýningin einnig



Frá Skinnastaðarkirkju

Almenn guðspjónusta verður í kirkjunni sunnudaginn 14. ágúst kl. 14.00.

Kór kirkjunnar leiðir söng, organisti Stefanía Sigurgeirsdóttir.

Kaffisopi á prestsetrinu eftir messu.

Verið velkomin !

Sóknarprestur og sóknarnefnd